



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 24/2015

**varðandi endurskoðun á gjaldskrá Mílu
fyrir Hraðbrautarsambönd**



12. ágúst 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

| | | |
|-------|--|----|
| 1 | Inngangur..... | 5 |
| 1.1 | Málsatvik..... | 5 |
| 1.2 | Markaður 14 (stofnlínuhluti leigulína)..... | 5 |
| 1.3 | Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA..... | 6 |
| 2 | Kostnaðargreining Mílu..... | 7 |
| 2.1 | Samantekt..... | 7 |
| 2.2 | Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)..... | 7 |
| 2.3 | Rekstrarkostnaður..... | 8 |
| 2.3.1 | Leiga á ljósleiðara..... | 8 |
| 2.3.2 | Húsaleiga..... | 9 |
| 2.3.3 | Annar kostnaður..... | 9 |
| 2.4 | Fjárfesting..... | 9 |
| 2.4.1 | Skipting fjárfestingar milli 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrauta..... | 10 |
| 2.4.2 | Filterar..... | 10 |
| 2.4.3 | Hillur og skeljar..... | 11 |
| 2.4.4 | Annað efni..... | 11 |
| 2.4.5 | Kostnaður við uppsetningu..... | 11 |
| 2.4.6 | Fjárfestingar september 2012 til júní 2013..... | 11 |
| 2.5 | Fjöldi lína..... | 11 |
| 2.6 | Niðurstaða Mílu..... | 11 |
| 2.7 | Endurskoðuð niðurstaða Mílu (október 2014)..... | 12 |
| 3 | Afstaða PFS..... | 14 |





1 Inngangur

1.1 Málsatvik

Míla ehf. (Míla) sendi Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) erindi um hækkun á gjaldskrá Hraðbrautarsambanda, dags. 9. október 2013, þar sem jafnframt var lögð var fram kostnaðargreining vegna viðkomandi sambanda í samræmi við beiðni PFS frá 30. nóvember 2011.

Míla áréttaði í erindi sínu þá skoðun sína sem áður hefur komið fram að Hraðbrautarsambönd væru utan kvaða um eftirlit með gjaldskrá. Um sé að ræða vöru sem sé í boði á höfuðborgarsvæðinu þar sem mikil samkeppni ríki og þetta sé vara sem Míla hafi byggt frá grunni. Aðrir hafi sömu möguleika á að byggja upp sambærilega vöru enda geti önnur fyrirtæki leigt ljósleiðara af Mílu eða öðrum aðilum og komið sér upp búnaði á sama hátt og Míla geri. Að mati Mílu er fyrirtækið ekki með yfirburði umfram aðra á að geta boðið þessa vöru.

PFS ítrekar afstöðu sína sem áður hefur komið fram að gjaldskráin fellur undir gjaldskrárkvöð í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2007.

Með bréfi, dags. 2. desember 2013, sendi PFS fyrirspurn varðandi ýmsa þætti fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar í kostnaðargreiningu Mílu.

Með bréfi, dags. 28. janúar 2014, sendi Míla svör við fyrirspurnum PFS.

Með bréfi, dags. 11. apríl 2014, tilkynnti PFS Mílu að stofnunin hefði ákveðið að sameina erindið með erindi Mílu, dags. 13. desember 2013, vegna kostnaðargreiningar fyrir leigulínur í stofnlínuneti.

Með tölvupósti, dags. 23. október 2014 sendi Míla uppfærða kostnaðargreiningu þar sem tekið er tillit til fjölgunar sambanda, viðbótarfjárfestinga og breytinga á rekstrarkostnaði í framhaldi af fyrirspurn PFS.

1.2 Markaður 14 (stofnlínuhluti leigulína)¹

Um er að ræða flutningsgetu sem seld er fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði.

Heildsölugjaldskrá Mílu fyrir stofnlínuhluta leigulína lýtur eftirliti PFS í samræmi við álagða kvöð um eftirlit með gjaldskrá á fyrirtækið með ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2007, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14). PFS hefur nýlega framkvæmt markaðsgreiningu á þessum markaði og hefur ákveðið að viðhalda kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2015, dags. 12. ágúst 2015, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

¹ Sbr. tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 14. júlí 2004 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði. Markaðurinn var felldur niður sem fyrirfram skilgreindur markaður í tilmælum ESA frá 5. nóvember 2008.



1.3 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Frumdrög að ákvörðun voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 23. desember 2014 og lauk samráðinu þann 10. febrúar sl. Athugasemdir bárust frá Fjarskipti hf. (Vodafone) og voru athugasemdirnar sendar til Mílu til umsagnar.

Vodafone bendir á að samkvæmt gögnum málsins séu verð m.a. að hækka fyrir 10 Gb/s, úr kr. 120.000,- í kr. 160.000,-. Vodafone vill hvetja PFS að skoða betur hvort að Mílu beri ekki að notast við tvo ljósleiðaraþræði (dual fibre) í stað eins ljósleiðaraþræðs (single fibre) eins og komi fram í kostnaðargreiningu Mílu, þar sem 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd séu veitt. Staðall fyrir 10 Gb/s geri ekki ráð fyrir að single fiber sé nýttur.

Vodafone telur að PFS þurfi að skoða betur hvort að verðhækkunin sé næg til að standa undir kostnaði vegna 10 Gb/s Hraðbrautarsambands.

Í andsvari Mílu kemur fram að fyrirtækið telji að sú þjónusta sem boðið sé upp á eigi að vera tæknilega óhád. PFS hafi einnig lagt áherslu á það.

Míla bendir á að kostnaðargreining fyrirtækisins byggi á raunverulegri uppbyggingu á Hraðbrautarkerfinu enda sé reglan sú að byggja kostnaðarlíkön á raunkostnaði. Fyrirtækið nýti einn þræð fyrir Hraðbrautarsambönd sín og því hljóti verðútreikningar að miðast við það.

Míla vísar athugasemd Vodafone á bug og telur það ófaglegt af Vodafone að koma með órökstudda tilvísun til staðals án þess að geta heimilda.

PFS bendir á að Hraðbraut er vara í þróun og hluti kostnaður vegna Hraðbrautasambanda er fastur sem veldur því að kostnaður á hverja Hraðbraut lækkar með fjölda seldra eininga. Það verð sem Míla leggur til, tekur mið af stöðunni eins og hún var í október 2014 og sér PFS ekki ástæðu til að vefengja þá niðurstöðu. PFS leggur áherslu á að reynt sé að miða við hagkvæmar lausnir í uppbyggingu á netkerfi Mílu þegar kostnaður kerfisins er skoðaður og gerir stofnunin því ekki athugasemd við að miðað sé við einn ljósleiðaraþræð í stað tveggja þar sem það er hægt.

Drög að ákvörðuninni, voru send til Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 1. júlí sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 3. ágúst sl. barst álit ESA og fylgir það með í viðauka I. ESA gerði ekki efnislegar athugasemdir við ákvörðunardrögin og niðurstaða PFS varðandi gjaldskrá Mílu er því óbreytt frá því sem fram kom í ákvörðunardrögunum stofnunarinnar sem send voru í samráð til ESA.



2 Kostnaðargreining Mílu

2.1 Samantekt

Fram kemur hjá Mílu að kostnaðargreining sem lögð var fram í október 2013 byggði á fjárfestingum og rekstrarkostnaði í Hraðbraut frá árinu 2010 fram til júní 2013. Byggt væri á sögulegum kostnaði að mestu leyti.

Kostnaður við Hraðbrautir byggir að hluta til á stofnkostnaði í formi miðlægs búnaðar, og rekstrarkostnaði við hýsingu og ljósleiðara sem er að vissu marki óháður fjölda Hraðbrautasambanda. Því getur leiguverð farið lakkandi fjölgi seldum Hraðbrautarsamböndum á þeim leiðum þar sem Hraðbrautarkerfið hefur verið byggt upp.

Ekki er unnt að skipta fjárfestingum og rekstrarkostnaði nákvæmlega á milli 10 Gb/s og 1 Gb/s Hraðbrauta þar sem stór hluti fjárfestinganna er sameiginlegur. Í þeim tilfellum byggir Míla á ákveðnu mati.

Þar sem um er að ræða vöru í vexti telur Míla eðlilegt að gerð sé varkár spá um þróun á fjölgun sambanda við útreikning á leiguverði. Í útreikningunum er gert ráð fyrir [...]² og leiguverð er metið útfrá því.

Það er mat Mílu að hæfilegt verð fyrir Hraðbrautir verði eftirfarandi, verð án vsk.:

10 Gb/s 160.000 kr. á mánuði.

1 Gb/s 95.000 kr. á mánuði.

Stofngjald 107.000 kr.

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. þar sem tekið er tillit til raun fjölgunar sambanda í stað áætlunar um fjölgun frá miðju ári 2013, viðbótafjárfestinga því tengdu, WACC, endurskoðun annars rekstrarkostnaðar o.fl. Nánar er fjallað um breytingarnar í viðeigandi köflum hér á eftir.

2.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC)

Reikniaðferðin miðast við sömu aðferðarfræði og í öðrum kostnaðargreiningum hjá Mílu. Áhættulausir vextir miðast við meðaltal síðustu 5 ára á verðtrygðum bréfum í skuldabréfaflokki HFF1504 2034. Þessi útreikningur er í samræmi við útreikning á WACC fyrir hýsingu sem sendur var PFS fyrr á þessu ári.

Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) reiknast þannig:

² Fellt brott vegna trúnaðar.



| | 2012 |
|--|--------------|
| Áhættulausir vextir..... | 3,48% |
| Skuldaálag..... | 3% |
| Kostnaður skulda | 6,48% |
| Markaðsálag..... | 5,00% |
| Óvoguð beta..... | 0,5 |
| Voguð beta..... | 0,72 |
| Eigið fé..... | 0,65 |
| Skuldir/Eigið fé..... | 0,54 |
| Önnur áhætta (alpha)..... | 0,00 |
| Skatthlutfall..... | 0,20 |
| Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta | 7,06% |
| Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta | 8,82% |
| WACC fyrir skatta | 8,00% |

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. og miðar við WACC **7,6%** í útreikningum sínum á árgreiðslu fjárfestinga í samræmi við niðurstöðu PFS vegna ársins 2013.

2.3 Rekstrarkostnaður

Fram kom hjá Mílu að þar sem Hraðbrautin er frekar nýleg vara er ekki komin mikil reynsla á viðhaldskostnað kerfisins. Það er því nauðsynlegt að meta viðhaldskostnað með öðrum hætti en að miða við gjaldfærðan kostnað. Annar rekstrarkostnaður samanstendur af hýsingu í tækjarymum, rafmagni og ljósleiðurum.

Samkvæmt útreikningum Mílu er árlegur rekstrarkostnaður eftirfarandi:[...]

Fram kom hjá Mílu að flest Hraðbrautarsambönd nýta auk þess ljósleiðara í Aðgangsneti. Þar sem Hraðbrautarkerfið er uppbyggt þannig að gert er ráð fyrir Ljóslínu í Aðgangsneti fyrir Hraðbrautarsambönd, er leigu á einum þræði bætt við útreikningana í lokin.

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. og reiknar annan kostnað (viðhaldsvinna og hlutdeild í sameiginlegum kostnaði) með sömu aðferðarfræði og í kostnaðargreiningu fyrir Ethernet TP.

Rekstrarkostnaður verður því eftirfarandi á ársgrundvelli:

[...]

2.3.1 Leiga á ljósleiðara

Fram kom hjá Mílu að Hraðbrautin nýttir bæði Ljósínur (ljósleiðara) í Stofnneti og Aðgangsneti.

Allir ljósleiðarar í Stofnneti sem nýttir eru undir Hraðbrautir, flokkast sem sameiginlegur kostnaður fyrir 1 Gb/s og 10 Gb/s sambönd, enda eru þeir undirlag fyrir vöruna.



Þar sem um er að ræða leigu á ljósi innan sömu afkomueiningar, Stofnnetts, er ekki gerð sérstök millifærsla vegna þessa í bókhaldi en við útreikning á verði vörunnar þarf að reikna þennan leigulínukostnað. Miðað er við verðskrá Mílu fyrir ljóslínur með 15% afslætti.

Niðurstaða Mílu er sú að leiguverð á mánuði fyrir undirliggjandi ljóslínur undir Hraðbrautarkerfið er [...] kr. á ári.

[...]

Míla segir að erfitt sé að meta það hvernig eigi að skipta upp kostnaði vegna leigu á ljósleiðara á milli 1 Gb/s og 10 Gb/s sambönd. Ljóslínurnar eru nýttar jafnt fyrir þessi sambönd og skiptir þar ekki máli hvort um sé að ræða 1 Gb/s sambönd eða 10 Gb/s sambönd. Það er því mat Mílu að skipta eigi þessum kostnaði jafnt á milli 10 Gb/s og 1 Gb/s sambanda.

Míla segir, eins fram hefur komið, að Hraðbraut sé skilgreind sem Stofnnettsvara, en Hraðbrautir enda samt sem áður oft í Aðgangsneti. Í útreikningum er gert ráð fyrir að hvert samband verði með einn ljóslínuþráð í Aðgangsneti og er honum bætt við útreikninga í lokin.

2.3.2 Húsaleiga

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir húsaleigu vegna Hraðbrauta:[...]

Míla hefur reiknað innri leigu í öllum tækjarymum [...]

Erfitt er að meta það hvernig eigi að skipta upp kostnaði vegna húsaleigu á milli 1 Gb/s og 10 Gb/s. Leiga á rými er nýtt jafnt fyrir þessi sambönd, auk þess sem miðlægur búnaður tekur stóran hluta rýmisins. Það er því mat Mílu að skipta þessum kostnaði jafnt á milli 10 Gb/s og 1 Gb/s sambanda.

2.3.3 Annar kostnaður

Míla mat viðhaldskostnað sem [...] Auk þess þarf að taka tillit til þess að yfirstjórnarkostnaður eða kostnaður við vaktborð er ekki enn gjaldfærður á Hraðbrautina, heldur einungis beinn viðhaldskostnaður. Í skoðun er að deila út kostnað við vaktborð og yfirstjórn á Hraðbraut einnig.

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. og reiknar annan kostnað (viðhaldskostnað) með sömu aðferðarfræði og í kostnaðargreiningu fyrir Ethernet TP, þ.e. [...] árgreiðslu fjárfestinga vegna viðhaldsvinnu og [...] vegna þjónustuborðs. Annar kostnaður er því metinn um [...] kr. á ársgrundvelli í stað [...] kr.

2.4 Fjárfesting

Fram kom í upphaflegu greiningu Mílu að heildarfjárfesting í Hraðbrautarbúnaði var [...] kr. að nafnverði um mitt ár 2013.

Fjárfestingin skiptist þannig að um [...] hennar voru vinnuliður og [...] voru efniskaup.

Fljótlega eftir að farið var að selja Hraðbrautir var skipt yfir í búnað sem var hagkvæmari í innkaupum. Fjárfestingar eru ekki framreiknaðar eins og venjan hefur verið í kostnaðargreiningum, þar sem verð á búnaði hefur frekar farið lækkandi en hækkandi.



Í þessum útreikningum er reiknuð út heildarfjárfesting fram til september 2012, en þá var rekstur Hraðbrauta fluttur yfir til Símans. Við þá fjárfestingu er síðan bætt við þeirri viðbótarfjárfestingu sem lagt var í frá yfirtöku Símans á vörunni og fram til júní 2013. Með þessu móti er hægt að gera ráð fyrir að fjárfestingar fram til september 2012 flokkist sem stofnfjárfesting þar sem þá var verið að byggja upp kerfið. Míla gerir síðan ráð fyrir að fjárfestingar á tímabilinu september 2012 til júní 2013 geti flokkast sem viðbótarfjárfesting, enda var verið að setja upp Hraðbrautir á þegar uppsettu kerfi í september 2012.

Fjárfesting í Hraðbrautum skiptist þannig miðað við júní 2013:[...]

Míla segir að við skiptingu fjárfestingar á milli 1 Gb/s Hraðbrauta og 10 Gb/s Hraðbrauta hafi búnaður verið flokkaður. Hillur, skeljar og annar miðlægur búnaður var flokkaður sem sameiginlegur búnaður. Búnaður sem sérstaklega var vegna 10 Gb/s sambanda var heimfærður beint á 10 Gb/s og búnaður sem var fyrir 1 Gb/s sambönd var heimfærður beint á 1 Gb/s.

Sameiginlegur búnaður [...] kr. skiptist í meginatriðum í filtera, [...] kr., hillur og skeljar, [...] kr. og annan efniskostnað, [...] kr.

Fjárfesting á tímabilinu september 2012 fram til júní 2013 var [...] kr. Á þessu tímabili voru settar upp [...] 10 Gb/s sambönd og [...] 1 Gb/s sambönd.

Uppsettar Hraðbrautir fram til september 2012 voru [...], [...] 10 Gb/s og [...] 1 Gb/s og frá september til júní 2013 voru settar upp [...] 10 Gb/s hraðbrautir og [...] 1 Gb/s Hraðbrautir.

Samtals hafa því verið settar upp [...] hraðbraut. Í júní 2013 voru [...] hraðbrautir í notkun. Nokkrum hraðbrautum hefur því verið sagt upp og nokkrum hefur verið breytt á þessu tímabili.

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. og kom þar fram að viðbótarfjárfesting frá júní 2013 næmi [...]. kr. og heildarfjárfestingin því [...] kr. Á sama tíma fjölgaði samböndum í notkun úr [...] í [...].

2.4.1 Skipting fjárfestingar milli 1 Gb/s og 10 Gb/s Hraðbrauta

Fjárfestingar í búnaði sem tilheyra 10 Gb/s samböndum sérstaklega námu [...] kr. til og með september 2012 og fjárfestingar í búnaði sem tilheyrir 1 Gb/s námu [...] kr.

Fjárfestingar í 10 Gb/s búnaði fram til september 2012:[...]

Fjárfestingar í 1 Gb/s búnaði fram til september 2012:[...]

2.4.2 Filterar

Filterar eru notaðir til að búa til sambönd á ljósleiðurum Mílu.

Við mat á skiptingu á fjárfestingum í filterum í 10 Gb/s og 1 Gb/s var skoðaður fjöldi filtera á undirliggjandi ljósleiðurum, gagnaflutningshraði á þeim og hvernig þeir liggja um kerfið. Heildarfjöldi rása er [...], en margar þeirra fara í gegnum einn eða fleiri staði. [...] Samtals voru filterar samkvæmt þessari aðferðarfræði [...].

Samkvæmt ofansögðu er það er mat Mílu að [...]. Fjárfestingu í filterum er því skipt [...] 10 Gb/s og 1 Gb/s.



[...]

2.4.3 Hillur og skeljar

Að sögn Mílu nema fjárfestingar í hillum og skeljum samtals [...] kr.

Skipting fjárfestingar á milli 10 Gb/s og 1 Gb/s miðast við fjölda Hraðbrauta sem voru í leigu í júní 2013. Hraðbrautarsambönd með 10 Gb/s gagnaflutningshraða voru [...] talsins og sambönd með 1 Gb/s gagnaflutningshraða voru [...]. Fjárfestingunni er skipt í þessum sömu hlutföllum.

2.4.4 Annað efni

Fjárfesting í öðru efni nam tæplega [...] kr. í september 2012. Þessu efni er skipt í sömu hlutföllum og hillur og skeljar.

2.4.5 Kostnaður við uppsetningu

Míla skiptir kostnaði við uppsetningu búnaðar í tvo þætti, annars vegar uppsetningu á Hraðbrautarsamböndum og hins vegar uppsetningu á miðlægum búnaði.

Þessi kostnaður hefur ekki verið aðgreindur í bókhalda sérstaklega í uppsetningu á miðlægum búnaði annars vegar og uppsetningu á einstökum Hraðbrautarsamböndum hins vegar. Heildarkostnaðurinn er [...] kr. í september 2012. Gert er ráð fyrir því að uppsetning á einni Hraðbraut taki um [...] klst. að meðaltali. Samkvæmt því er kostnaður við uppsetningu 10 Gb/s [...] kr. miðað við [...] Hraðbrautir (ekki er tekið tillit til þess að settar hafa verið upp fleiri Hraðbrautir, sem hefur verið sagt upp eða breytt) og kostnaður við uppsetningu á 1 Gb/s er [...] kr. Samtals [...] kr.

Eftir standa rúmlega [...] kr. sem gert er ráð fyrir að sé uppsetningakostnaður við miðlægum búnað. Þessum kostnaði er skipt í sama hlutfalli og filterum, eða jafnt á milli 1 Gb/s og 10 Gb/s.

2.4.6 Fjárfestingar september 2012 til júní 2013

Fram kemur hjá Mílu að fjárfestingar Símans í Hraðbrautum á tímabilinu september 2012 til júní 2013 nema [...] kr. Á þessu tímabili voru settar upp [...] 10 Gb/s Hraðbrautir og [...] 1 Gb/s Hraðbrautir. Fjárfestingunni er skipt á milli gagnaflutningshraða í sama hlutfalli og uppsettar Hraðbrautir á tímabilinu.

2.5 Fjöldi lína

Í júní 2013 var fjöldi 10 Gb/s Hraðbrauta [...] og fjöldi 1 Gb/s Hraðbrauta [...]. Frá júní til september 2013 hefur 1 Gb/s Hraðbrautum fjölgað um [...].

2.6 Niðurstaða Mílu

Niðurstaða útreikninga Mílu er eftirfarandi miðað við stöðu Hraðbrauta í júní 2013:

[...]



Fram kemur hjá Mílu að heildarfjárfesting sé [...] kr. en frá henni eru dregin stofngjöld Hraðbrauta. Eftir standa því [...] kr. sem skiptist þannig að [...] kr. er vegna 10 Gb/s og [...] kr. er vegna 1 Gb/s.

Árgreiðsla fjárfestinga miðast við 5 ára líftíma búnaðar.

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan ætti leiguverð fyrir 10 Gb/s að verða [...] kr. og [...] kr. fyrir 1 Gb/s að mati Mílu, sé miðað við fjölda Hraðbrauta í útleigu í júní 2013.

Eins og fram hefur komið telur Míla að Hraðbrautin sé vara sem eigi góða möguleika til vaxtar. Frá júní til september hefur til að mynda 1 Gb/s hraðbrautum fjölgað um [...], en það er hátt hlutfall miðað við ekki fleiri en þær [...]

Ljóst er að stofnfjárfesting í Hraðbrautum er tiltölulega há. Hver viðbótarhraðbraut á þeim leiðum sem nú hafa verið settar upp er mun lægri en reiknaður meðalkostnaður.

Sé miðað við meðalkostnað uppsettra Hraðbrauta á tímabilinu september 2012 til júní 2013 er hægt að reikna með að viðbótarkostnaður við hverja uppsetta 10 Gb/s Hraðbraut sé [...] kr. og [...] kr. fyrir 1 Gb/s Hraðbraut, en á þessu tímabili voru settar upp [...] 10 Gb/s Hraðbrautir og [...] 1 Gb/s Hraðbrautir, fyrir samtals [...] kr. Kostnaði er skipt eftir fjölda uppsettra Hraðbrauta í hvorum hraða fyrir sig.

Sé miðað við [...] fjölgun Hraðbrauta og að viðbótarkostnaður sé sá sami og á tímabilinu september 2012 til júní 2013 er niðurstaða útreikninga eftirfarandi: [...]

Hækkun miðað við þessa útreikninga er [...] á 10 Gb/s hraðbrautum og [...] á 1 Gb/s hraðbrautum.

Sé miðað við [...] fjölgun Hraðbrauta verður niðurstaðan aftur á móti eftirfarandi:[...]

Míla telur að í ljósi þess að um er að ræða vöru í vexti þurfi að taka tillit til þess í útreikningum á verði. Auk þess telur Míla að það hafi mjög neikvæð áhrif á viðskiptavini að taka á sig mjög mikla hækkun á vörunni. Þá er ljóst að núverandi verðmunur á 10 Gb/s og 1 Gb/s samböndum er of lítill, enda er fjárfesting á bak við 8*1 Gb/s Hraðbrautir svipuð og fyrir 1 *10Gb/s. Þó er ljóst að nýting 1 Gb/s sambanda verður tæplega 100%.

Í ljósi þessa telur Míla að verðskrá fyrir 10 Gb/s þurfi að hækka töluvert.

Míla leggur til að verð fyrir 10 Gb/s verði 160.000 kr. á mánuði [...] og verð fyrir 1 Gb/s verði áfram 95.000 kr. á mánuði, [...].

Míla telur að áætlun um að fjölga 10 Gb/s Hraðbrautum um [...] og 1 Gb/s Hraðbrautum um [...] sé frekar varlega áætluð. Þegar hefur 1 Gb/s Hraðbrautum[...] og er því í raun hægt að miða [...].

2.7 Endurskoðuð niðurstaða Mílu (október 2014)

Míla uppfærði kostnaðargreiningu sína þann 23. október sl. og kom þar fram að 1 Gb/s sambönd væru [...] og 10 Gb/s sambönd [...] eða alls [...] sambönd í dag og miðuðu uppfærðir útreikningar við þann fjölda sambanda, en áður hafði verið gert ráð fyrir [...] samböndum.



Tekið er tillit til fjárfestinga sem fallið hafa til frá júní 2013.

Jafnframt hefur Míla endurskoðað annan kostnað með sömu aðferðarfræði og í kostnaðargreiningu fyrir Ethernet TP, þ.e. viðhaldsvinna er metin [...] af árgreiðslu fjárfestinga og sameiginlegur kostnaður (þjónustuborð o.fl.) [...]. Annar kostnaður nemur því um [...] kr. á ársgrundvelli í stað [...] kr. áður.

Niðurstaða útreikninga Mílu er eftirfarandi miðað við stöðu Hraðbrauta í október 2014:[...]
Míla leggur til að verð fyrir 10 Gb/s verði 160.000 kr. á mánuði og verð fyrir 1 Gb/s verði áfram óbreytt 95.000 kr. á mánuði.



3 Afstaða PFS

Forsendur og útreikningar Mílu sem hér eru til umfjöllunar vegna endurskoðunar á heildsöluverðum fyrir 1 og 10 Gb/s Hraðbrautarsambönd eru að mati PFS í samræmi við kvöð um eftirlit með gjaldskrá félagsins, sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2007.

Þar sem um er að ræða vöru í þróun eins og hér um ræðir þá gerir PFS ekki athugasemd við þá framkvæmd Mílu að taka tillit til fleiri sambanda en voru í notkun í kostnaðarútreikningi sínum. Slíkt endurspegli betur þróun kostnaðar vegna nýrri og hagkvæmari búnaðar ásamt betri nýtingu á fyrirliggjandi kerfi Mílu, sérstaklega þegar horft er til hás hlutfalls kostnaðar sem felst í miðlægum búnaði.

Míla stillir upp í endurskoðuðum útreikningum fjölda sambanda í október 2014 en þá er fjöldi 1 Gb/s sambanda [...] og fjöldi 10 Gb/s [...]. [...]

Jafnframt hefur Míla bætt úr staðfærslu á öðrum rekstrarkostnaði vegna viðhalds og sameiginlegs kostnaðar frá upphaflegu kostnaðargreiningunni.

Ávöxtunarkrafa hefur verið uppfærð m.v. árið 2013 eða í 7,6%, sem er í samræmi við mat PFS á meðalkostnaði fjármagns fyrir fjarskiptafyrirtæki.

PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga Mílu auk þess sem Míla hefur í svörum sínum við fyrirspurnum PFS gert nánari grein fyrir þeim forsendum og útreikningum sem félagið styðst við í kostnaðargreiningu sinni. Niðurstaða í útreikningum í uppfærðri greiningu Mílu frá október sl. gefur ekki tilefni til að breyta tillögu Mílu um nýja gjaldskrá.

PFS gerir ekki athugasemd við stofn fjárfestingar né 5 ára líftíma í útreikningum Mílu að þessu sinni, en ekki er komin full reynsla á nýtingartíma búnaðarins, þar sem kerfið er enn í uppbyggingu. PFS telur að við næstu endurskoðun á gjaldskránni skuli stuðst við hagrænt mat á líftíma búnaðar í samræmi við reynslu af nýtingu hans.

Á grundvelli framangreinds samþykkir PFS verðskrá fyrir Hraðbrautasambönd í samræmi við erindi Mílu. Stofngjald og leigugjald fyrir 1 Gb/s haldast óbreytt en leigugjald fyrir 10 Gb/s hækka úr 120.000 kr. í 160.000 kr. á mánuði, en ljóst er að verð fyrri 10 Gb/s sambönd hafa verið of lág m.v. fyrirliggjandi kostnaðartölur, sem byggja í auknum mæli á raunkostnaði. Mánaðarverð eru föst og óháð vegalengdum.

Gjaldskráin verði því eftirfarandi:

- Verð 1 Gb/s sambands 95.000 kr. á mánuði.
- Verð 10 Gb/s sambands 160.000 kr. á mánuði.
- Stofngjald 107.000 kr. á tengingu.

Varðandi gildistöku hinna nýju verða gildir ákvæði 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur þar sem fram kemur að Míla skuli tilkynna þjónustukaupanda um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Í þessu tilviki telur PFS rétt að miða verðbreytingarnar við mánaðamót og taka hin nýju verð því ekki gildi fyrr en um næstu mánaðamót eftir að umræddur 60 daga frestur er liðinn.



Nú fara allar kostnaðargreiningarákvarðanir PFS í innanlandssamráð og samráð til ESA, en eftir að sú framkvæmd var tekin upp lengdist verulega meðferðartími kostnaðargreininga hjá stofnuninni. Á það við um samráðstíma, auk þeirrar vinnu sem fer í undirbúning, úrvinnslu, þýðingar o.fl.

Til að koma til móts við aðila á viðkomandi markaði vegna þessa hefur stofnunin heimilað Mílu að tilkynna þjónustukaupendum um verðbreytingarnar þegar PFS hefur sent ákvörðunardrögin formlega til ESA til samráðs. Míla tilkynnti þjónustukaupendum um verðbreytingarnar fyrir lok júlí og því munu hin nýju verð taka gildi 1. október 2015.



ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir endurskoðaða verðútreikninga Mílu ehf. á Hraðbrautarsamböndum. Stofngjald og mánaðarleg leiguverð skulu vera eftirfarandi:

- Stofngjald: 107.000 kr. á tengingu.
- 1 Gb/s samband: 95.000 kr. á mánuði.
- 10 Gb/s samband: 160.000 kr. á mánuði.

Framangreind verð eru án virðisaukaskatts.

Varðandi gildistöku hinna nýju verða gildir ákvæði 3. kafla viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur þar sem fram kemur að Míla skuli tilkynna þjónustukaupanda um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara. Í þessu tilviki telur PFS rétt að miða verðbreytingarnar við mánaðamót og taka hin nýju verð því ekki gildi fyrr en um næstu mánaðamót eftir að umræddur 60 daga frestur er liðinn. Mílu var heimilt að tilkynna þjónustukaupendum um verðbreytingarnar í kjölfar þess að PFS tilkynnti ákvörðunardrögin formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til samráðs. Míla tilkynnti þjónustukaupendum um verðbreytingarnar fyrir lok júlí og því munu hin nýju verð taka gildi 1. október 2015.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. skal verða hluti af viðmiðunartilboði félagsins fyrir leigulínur.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 12. ágúst 2015

Björn Geirsson f.h. forstjóra

Hulda Ástþórsdóttir

Viðauki I: Álit ESA